



Sjálfsmatsskýrsla

Lágafellsskóla 2013-2014

Efnisyfirlit

Inngangur	3
Stefna Mosfellsbæjar.....	4
Stefna og starfsáætlun Lágafellsskóla	5
Hlutverk Lágafellsskóla	6
Endurmenntun starfsmanna skólaárið 2013-2014.....	8
Innra mat	9
Markmið og tilgangur mats	9
Sjálfsmat	9
Matsþættir.....	9
Leiðir	10
Eineltiskönnun	10
Fyrirlögn könnunar	11
Matsþættir.....	12
Niðurstöður	13
Foreldrakönnun	14
Fyrirlögn könnunar	14
Matsþættir.....	15
Niðurstöður	15
Nemendakönnun.....	19
Fyrirlögn könnunar	20
Matsþættir.....	20
Niðurstöður	20
Sýn foreldra og nemenda til þátta úr stefnu skólans	24
Viðhorfskönnun meðal foreldra barna í Frístund.....	25
Samræmd próf	27
Nemendalýðræði.....	29
Virk samkennd	30
Mötuneytismál	31
Þarfagreining endurmenntunar meðal starfsfólks	32
Viðauki 1 Umbótaáætlun eineltiskönnunar 2013-2014.....	33
Viðauki 2 – Umbótaáætlun foreldrakönnunar	37
Viðauki 3 – Umbótaáætlun nemendakönnunar 2013-2014	40

Inngangur

Í Lágafellsskóla skólaárið 2013-2014 voru 690 nemendur í 1. – 10. bekk. Að auki voru 19 nemendur í leikskóladeild skólans. Í hverjum árgangi voru þrjár til fjórar bekkjardeildir. Skiptingu milli árganga má sjá hér að neðan:

Árgangur	Nemendur	Fjöldi bekkja
1. bekkur	66	3
2. bekkur	71	4
3. bekkur	60	3
4. bekkur	79	4
5. bekkur	65	3
6. bekkur	80	4
7. bekkur	60	3
8. bekkur	81	4
9. bekkur	67	3
10. bekkur	67	3
	690	34

Í Frístundaseli voru 178 nemendur að jafnaði yfir skólaárið en það er starfrækt eftir að skóladegi lýkur og ætlað nemendum í 1. – 4. bekk.

Við skólann skólaárið 2013-2014 störfuðu 138 starfsmenn. Stöðugildi voru eftirfarandi 1. janúar 2013:

Starfsheiti	Fjöldi starfmannna	Stöðugildi
Leikskóladeild	5	3,85
Skrifstofa, bóka- og tölvuumsjón	4	3
Mötuneyti	5	3,8
Húsvörður + skólaliðar	12	8,65
Stuðningsf. og þroskaþjálfari	21	13,31
Kennarar	63	56,34
Námsráðgjafi	2	1,66
Stjórnun	5	5
Frístund	21	7,43
Samtals	138	103,4

Stjórnendur skólans skólaárið 2013-2014 auk Jóhönnu Magnúsdóttur skólustjóra, voru Ásta Steina Jónsdóttir deildarstjóri miðstigs og staðgengill skólustjóra, Gunnhildur Harðardóttir deildarstjóri sérkennslu og innra mats, Helena Katrín Hjaltadóttir, deildarstjóri elsta stigs og Sesselja Gunnarsdóttir, deildarstjóri yngsta stigs. Aðstoðarleikskólustjóri var Aðalheiður Alfreðsdóttir, forstöðumaður Frístundasels var Ágústa Rósa Andrésdóttir.

Stefna Mosfellsbæjar

Í skólastefnu Mosfellsbæjar segir:

Skólastefna Mosfellsbæjar byggir á íslenskrri menntastefnu eins og hún kemur fram í lögum og reglugerðum. Skólar Mosfellsbæjar eru lærdómssamfélag þar sem skapaður er grundvöllur fyrir umræður, skoðanaskipti og þátttöku allra hlutaðeigandi aðila.

Leggja ber áherslu á grunnfærni allra einstaklinga: samskiptahæfni og læsi í víðum skilningi, getu til þekkingarleitar, lausnamiðaða hugsun, sjálfstæði í verkum, verkvit og færni í vinnubrögðum, hreyfingu og sköpunargleði. Leitast skal við að innihald náms og verkefna í skóla hafi merkingu fyrir einstaklinginn og taki mið af reynsluheimi hans. Skólastarfsemi ber að skipuleggja á þann hátt að hún sé sveigjanleg, eflí virkni einstaklingsins, leggi rækt við siðferðisvitund og skapi þekkingu til gagns fyrir einstaklinginn og samfélagið. Mikilvægt er að í skólasamfélaginu fái raddir allra að hljóma. Skólanámskrár skólanna eru framkvæmdaáætlanir fyrir markmið og leiðarljós skólafestunnar. Með góðu samstarfi milli uppeldisstofnana og vel ígrunduðum leiðum og skipulagi er hægt að tryggja lifandi og árangursríkt skólastarf. Þannig fær hver einstaklingur tækifæri til að ná þeim árangri sem þroski hans býður upp á hverju sinni (Skólafestna Mosfellsbæjar, 2008).

Skólafestna Lágafellsskóla tekur mið af stefnu bæjarins og var hún lögð til grundvallar í þeim könnunum sem lagðar voru fyrir á vormisseri sem hluti innra mats.

Stefna og starfsáætlun Lágafellsskóla

Hugtökin samvera, samvinna og samkennd eru lögð til grundvallar skólastarfi Lágafellsskóla. Við trúum því að þegar við skynjum mikilvægi samverunnar, þá aukum við þroska okkar sem félagsverur. Með góðri samvinnu þar sem áhugi og hæfileikar einstaklingsins fá að njóta sín næst betri árangur og félagahópurinn nær oft að leysa verkefni sem eru einstaklingnum ofviða. Við sýnum hvert öðru samkennd með því að virða sjónarmið, skoðanir og líðan hvers annars og eflum okkur þannig í mannlegum samskiptum. Efling þessara þátta stuðlar að auknu sjálfstrausti einstaklings. Unnið er eftir einkunnarorðum skólans; Samvera, samvinna, samkennd.

Samvera:

Lágafellsskóli er skóli þar sem:

- ríkir jákvætt, uppbyggilegt og afslappað andrúmsloft og allir eru jafnir
- gengið er vel um skólann og umhverfið
- öllum líður vel og allir finna til öryggis
- stefnt er að stöðugum þroska og framförum í starfi og leik á forsendum hvers og eins

- ríkir gagnkvæm virðing og umhyggja og einnig sýnum við hvert öðru gott viðmót
- aðstaða nemenda til náms og annarrar starfsemi innan skólans er jöfn óháð kynferði, kynhneigð, útliti, trúarskoðun eða uppruna

Samvinna:

Lágafellsskóli er skóli þar sem:

- traust og hjálpsemi ríkir og leiðbeint er á uppbyggilegan hátt
- raddir allra fá að heyrast og eru metnar
- borin er virðing fyrir einstaklingnum og skoðunum hans
- miðlað er af þekkingu og reynslu og upplýsingaflæði er gott
- unnið er saman sem ein heild, allir leggja sitt af mörkum og hæfileikar hvers og eins fá notið sín
- einhugur ríkir um markmið og gildi og allir eru samstíga í að vinna að þeim

Samkennd:

Lágafellsskóli er skóli þar sem:

- margbreytileikinn er virtur og metinn
- við sýnum samstöðu, kærleik og styrkjum hvert annað í meðbyr og mótbyr
- við sýnum tilfinningum og aðstæðum annarra skilning og umburðarlyndi
- allir upplifa sig sem hluta af heild þar sem hver og einn hefur réttindi jafnt sem skyldur
- við látum okkur aðra varða

Hlutverk Lágafellsskóla

- Að mennta og skipuleggja nám í samræmi við þarfir nemenda til þess að hver nemandi nái hámarksárangri.
- Að skapa umhverfi og aðstöðu til uppeldis og þroska þar sem styrkleikar einstaklinganna fá að njóta sín.
- Að samstarf, samábyrgð og jákvæður agi ríki í skólanum. Þannig bera allir ábyrgð á líðan, hegðun og samskiptum innan hópsins.
- Að bjóða starfsfólki upp á endurmenntun.
- Að þróa áfram þau verkefni sem eru í vinnslu í skólanum og bæta við nýjum.
- Að bjóða upp á fjölbreytta kennsluhætti og gæðakennslu.

Starfsáætlun skólans er unnin ár hvert og eru þar tiltekin þau verkefni og gildi sem unnið skal eftir hverju sinni. Áætlun skólans má finna á heimasíðu skólans.

Endurmenntun starfsmanna skólaárið 2013-2014

Hér að neðan má sjá þá endurmenntun sem var á vegum skólans fyrir starfsfólk á árinu.

Starfshópur	Lýsing á símenntun	Tilgangur	Tímabil, dagsetningar og tímafjöldi
Kennarar	Fyrirlestur um grunnþáttinn sjálfbærni í nýrri aðalnámskrá grunnskóla og leiðir til að innleiða menntun til sjálfbærni í skólastarf. Margrét Júlía Rafnsdóttir og Hafdís Ragnarsdóttir verkefnisstjórar Háskóla Íslands	Efla þekkingu kennara á grunnþættinum sjálfbærni	21.ágúst 2013
Allir starfsmenn	Einelti og samskipti – hagnýt ráð Vanda Sigurgeirsdóttir lektor við HÍ	Að kynna starfsmönnum leiðir til lausna varðandi samskipti og einelti	22.ágúst 2013
Allir starfsmenn	Örfræðsla um ADHD á vegum Skólaskrifstofu – Guðríður Þóra Gísladóttir	Að auka þekkingu starfsmanna á ADHD	14.nóvember 2013
Allir starfsmenn	Fræðsla á vegum Skólaskrifstofu um félagsfærnisögur	Efla þekkingu starfsmanna á félagsfærnisögum og hvernig þær nýtast í vinnu með nemendum	20.mars 2014
Kennarar	Fræðsla á vegum skólaskrifstofu um bekkjarstjórnun	Auka hæfni kennara í bekkjarstjórnun	Febrúar 2014
Stuðningsfulltrúar	Fræðsla á vegum Skólaskrifstofu um raskanir á einhverfurófi	Auka þekkingu stuðningsfulltrúa á röskunum á einhverfurófi	Máí 2014
Stuðningsfulltrúar	Örfræðsla um ADHD á vegum Skólaskrifstofu – Guðríður Þóra Gísladóttir		Mars 2014

Innra mat

Markmið og tilgangur mats

Samkvæmt grunnskólalögum ber hverjum grunnskóla að sinna mati og eftirliti með gæðum skólastarfsins. Í 35. grein segir:

Markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í grunnskólum er að:

- a. veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks skóla, viðtökuskóla, foreldra og nemenda,
- b. tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár grunnskóla,
- c. auka gæði náms og skólastarfs og stuðla að umbótum,
- d. tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum (35. gr. grunnskólalaga 2008).

Í 36. gr. grunnskólalaga er fjallað um innra mat og þær skyldur sem skólum ber að uppfylla varðandi það. Í 36. grein segir:

Hver grunnskóli metur með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs á grundvelli 35. gr. með virkri þátttöku starfsmanna, nemenda og foreldra eftir því sem við á.

Grunnskóli birtir opinberlega upplýsingar um innra mat sitt, tengsl þess við skólanámskrá og áætlanir um umbætur (36. gr. grunnskólalaga 2008).

Sú leið sem farin hefur verið að ofangreindum markmiðum er að meta hina ýmsu þætti skólastarfsins á kerfisbundinn hátt og í kjölfarið að leita leiða til að bæta starfið. Til grundvallar vinnunnar hefur stefna bæjarins verið sett í öndvegi ásamt starfsáætlun skólans. Sjálfsmatsáætlun skólans er sá vegvísir sem unnið er eftir.

Sjálfsmat

Matsþættir

Til að fá sem besta sýn á skólastarfið í heild er það metið út frá nokkrum þáttum. Skólaárið 2013-2014 voru áhersluþættir matsins eftirfarandi: nám og kennsla, samskipti, aðbúnaður

nemenda, líðan og einelti, stjórnun skólans, foreldrasamstarf og fleira. Þessir þættir eru skoðaðir milli ólíkra hópa innan skólasamfélagsins og viðhorf foreldra, starfsmanna og nemenda til þeirra eru könnuð. Sambærilegar spurningar eru lagðar fyrir árlega til að auðvelda samanburð milli skólaára sem og til að fylgjast með þeirri þróun sem verður á skólastarfinu og meta hversu vel tekst til hverju sinni.

Leiðir

Spurningakannanir eru m.a. það form sem helst hefur verið notað til að afla upplýsinga um skólastarfið. Eineltiskönnun var lögð fyrir nemendur 5.-10. bekkjar 14. október 2013. Tengslakannanir voru lagðar fyrir í nokkrum árgöngum.

Á vormánuðum voru lagðar fyrir nemenda-og foreldrakannanir þar sem lagðar voru til grundvallar sambærilegar spurningar sem unnar voru út frá stefnu skólans og starfsáætlun hans. Var þetta gert með það að leiðarljósi að skoða ákveðna þætti skólastarfsins út frá öllum hliðum. Vinna matsteymis við úrvinnslu kannanna og framsetningu niðurstaðna leiðir í ljós að í skólastarfinu er margt vel gert en ávallt er eitthvað sem má bæta. Niðurstöður hafa verið kynntar öllum starfsmönnum skólans og umbótaáætlanir hafa verið unnar af starfsmannahópnum og er þær að finna í viðauka. Lokaskýrslur allra kannana eru aðgengilegar á heimasíðu skólans.

Í Frístundaseli skólans eru um 180 nemendur og hefur hugur foreldra til Frístundar ekki verið kannaður áður við skólann. Mikilvægt var því að leggja könnun fyrir foreldra þeirra barna sem þar dvelja að skóladegi loknum. Skoðaðir voru nokkrir þættir sem snerta starf Frístundaselsins svo sem viðhorf foreldra til útivistar og frjáls leiks. Þá var viðhorf starfsmanna til foreldra og barna skoðað ásamt viðhorfi til Íþróttafjörs. Niðurstöður könnunar má finna á heimasíðu skólans. Umbótaáætlun verður unnin á haustdögum.

Því miður tókst ekki að leggja fyrir Gæðagreina á þessu skólaári.

Hér á eftir fer stutt samantekt um hvern þátt sjálfsmatsins fyrir sig ásamt helstu niðurstöðum.

Eineltiskönnun

Mikilvægt er að hver skóli marki sér skýra stefnu varðandi eineltismál og hefur Lágafellsskóli gert slíkt. Tilkynningar vegna gruns um einelti geta borist til starfsfólks skólans frá nemenda/nemendum, foreldrum/forráðamönnum eða starfsfólki, munnlega, skriflega eða gegnum heimasíðu skólans þar sem komið hefur verið upp hnappi þar sem hægt er að tilkynna um eineltismál eða grun um einelti. Ávallt skal gæta trúnaðar við meðferð eineltismála.

Þegar grunur um einelti vaknar er málinu vísað í eftirfarandi farveg:

1. Málinu vísað til umsjónarkennara.
2. Umsjónarkennari greinir málið samkvæmt skilgreiningu skólans á einelti. Hann leitar eftir upplýsingum frá öðru starfsfólki skólans og foreldrum/forráðamönnum; hvar, hver, hvenær, hvernig, hverjir áttu hlut að máli og skráir það hjá sér á ferilsskráningarblað.
3. Ef umsjónarkennari metur að um einelti sé að ræða gerir umsjónarkennari foreldrum/forráðamönnum gerenda og þolenda grein fyrir stöðunni.

Farið er yfir:

- hver tilboð skólans eru til að aðstoða þolanda og geranda.
- hvað foreldrar/forráðamenn geta gert til aðstoðar barni sínu og skólanum.
- samstarf foreldra/forráðamanna og umsjónarkennara um eftirfylgd málsins.

Umsjónarkennari metur í samvinnu við eineltisteymi hvaða vinnuferli hentar best miðað við aðstæður hverju sinni.

Algengt vinnuferli er:

- Foreldrum/forráðamönnum gerenda og þolenda er gerð grein fyrir málavöxtum og áætlun skólans kynnt fyrir þeim.
- Allir nemendur bekkjar/hóps teknir í stutt einkaviðtal.
- Gerendur eru teknir í einkaviðtöl og viðtalinu fylgt eftir.
- Stuðningsviðtöl við þolandann.
- Stuðningsviðtöl við gerendur.
- Eftirlit er aukið þar sem einelti hefur átt sér stað.

Óski umsjónarkennari aðstoðar eða ráða frá eineltisteymi biður hann um fund með teyminu og kemur með afrit af ferliskráningarblaði á fundinn. Beri aðgerðir ekki árangur að mati umsjónarkennara og eineltisteymis er málinu vísað til nemendaverndarráðs. Allt ferlið er skráð af umsjónarkennara á sérstakt skráningarblað. Foreldrar/forráðamenn eru einnig hvattir til að skrá hjá sér málsatvik.

Fyrirlögn könnunar

Eineltiskönnun var lögð fyrir í Lágafellsskóla annars vegar fyrir nemendur í 5.-10. bekk dagana 14. og 16. október 2013 og hins vegar fyrir nemendur í 3. – 4. bekk dagana 21. og 23. október. Náms- og starfsráðgjafi ásamt deildarstjóra sérkennslu og mats lögðu könnunina fyrir nemendur og báru ábyrgð á vinnu hennar og framkvæmd.

Áður en til framkvæmdar kom fjölluðu umsjónarkennarar um eineltismál við sína bekki og fóru yfir skilgreininguna um einelti. Lágafellsskóli styðst við skilgreiningu Heimilis og skóla á einelti en þar segir: Talað er um einelti þegar einstaklingur verður fyrir endurteknu áreiti og á erfitt með að verjast því. Sá sem er sterkari, árásargjarnari og frakkari níðist á þeim sem er líkamlega/félagslega veikari. Gerandinn misbeittir valdi gegn þólandanum (<http://www.heimiliogskoli.is/fyrir-foreldra/einelti/>).

Tilgangurinn með fyrirlögn könnunarinnar var að fá fram upplýsingar um hvort einelti ætti sér stað í skólanum. Reyndist svo vera yrðu niðurstöðurnar notaðar til frekari vinnu. Í kjölfarið færi af stað vinna í þeim bekkjum eða árgöngum þar sem niðurstöður könnunarinnar gefa tilefni til.

Kannanirnar voru unnar í forritinu Lime Survey. Einfeldari spurningar og svarmöguleikar voru fyrir nemendur í 3. – 4. bekk en 5. – 10. bekk og því er ekki hægt að bera niðurstöður þessara tveggja kannana saman. Könnunin sem lögð var fyrir nemendur í 5. – 10. bekk innihélt 36 spurningar en 12 spurningar voru lagðar fyrir nemendur í 3. og 4. bekk. Spurningar voru leiðargreindar eftir því hvort nemendur höfðu orðið fyrir einelti eða ekki og einnig hvort þeir höfðu lagt í einelti eða ekki. Könnunin fór fram í tölvustofu og bókasafni skólans. Fjöldi nemenda í 5. - 10. bekk er 426 og svöruðu 401 nemandi henni eða 94%. Í 3. og 4. bekk er fjöldi nemenda 137 og svöruðu 128 nemendur könnuninni eða tæp 94%.

Matsþættir

Þeir þættir sem skoðaðir voru í könnuninni sneru að líðan nemenda, gerendum og þólandum eineltis. Hvar og hvernig einelti birtist og aðkoma og viðbrögð starfsmanna og nemenda. Með áframhaldandi markvissri vinnu gegn einelti er leitast við að fækka þeim einstaklingum sem verða fyrir því fækkandi. Mikilvægt er að skólinn haldi áfram sinni stefnu í þessum málum og bæti það sem betur má fara. Það að minna bæði nemendur og starfsfólk skólans reglulega á hugtakið einelti getur minnkað líkur á því að einstaklingur verði fyrir því. Því ber skólanum að gera það sem hann getur til að einelti fái ekki þrífist.

Niðurstöður

Mikilvægt er að starfsmenn Lágafellsskóla vinni samkvæmt stefnu skólans í eineltismálum og hugi að umbótum þar sem þess er þörf. Skólanum ber að gera það sem til þarf svo einelti fái ekki þrífist og því er mikilvægt að kortleggja stöðu eineltismála í skólanum, vinna vel úr niðurstöðum og halda umræðunni á lofti.

Niðurstöður þessarar könnunar sýna að 79% nemenda í 3. – 4. bekk og 84% nemenda í 5. – 10. bekk líður mjög vel eða vel í skólanum og bekknum sínum. Þessar tölur eru undir viðmiðum sem settar voru í starfsáætlun skólans en viðmið skólans er að 90% nemenda líði vel þar. Gæta þarf vel að þeim nemendum sem líður illa í skólanum og í bekknum sínum. Í sumum tilvikum eru umsjónarkennarar meðvitaðir um líðan nemenda en mikilvægt er að kennarar hugi vel að líðan nemenda og vinni í samvinnu við heimili að lausn mála sem upp koma. Þegar niðurstöður eru skoðaðar kemur í ljós að þeir nemendur sem eru vinalausir og verða fyrir einelti eru ekki þeir sömu og þeir sem svara því til að þeim líði illa eða mjög illa í skólanum eða bekknum. Í framhaldinu má velta því fyrir sér hvað veldur vanlíðan nemenda.

Samkvæmt skilgreiningu á einelti þarf atburður að eiga sér stað oft en einu sinni svo hann flokkist sem einelti en ekki samskiptavandi. Þegar niðurstöður 5. - 10. bekkjar eru skoðaðar kemur í ljós að tveir af þeim nemendum sem merkja við að þeir séu lagðir í einelti segja að það hafi gerst einu sinni. Því má velta fyrir sér hvort þessir einstaklingar hafi ekki orðið fyrir einelti frekar en stríðni og þá lækkar heildartala þeirra sem lagðir eru í einelti í 5. - 10. bekk úr 4,5% í 3,9%. Í könnun sem lögð var fyrir 3. og 4. bekk var ekki spurt um hve oft einelti ætti sér stað heldur aðeins hvort nemandi verði fyrir einelti. Hafa ber í huga þegar niðurstöður eru túlkaðar hvort nemendur geri greinarmun á einelti og stríðni.

Einelti getur oft verið falið og því er mikilvægt að nemendur láti starfsmenn skólans vita ef þeir verða fyrir eða vita um nemendur sem verða fyrir einelti. Niðurstöður úr könnun 5. – 10. bekkjar sýna að þrír af þeim nemendum sem verða fyrir einelti hafa hvorki sagt frá því heima né í skólanum. Starfsfólk skólans og foreldrar þurfa að vera vel vakandi fyrir því sem á sér stað í umhverfinu og hvetja nemendur til að segja frá ef eitthvað kemur fyrir. Einnig er mikilvægt að upplýsa kennara, annað starfsfólk og foreldra um þessar niðurstöður til að auka líkurnar á því að þessir einstaklingar sem ekki hafa sagt frá finnist sem fyrst. Þrátt fyrir að að þetta margir nemendur séu lagðir í einelti og niðurstöður sýna að gerendur eru einna helst samnemendur þá jatar enginn að hann leggi í einelti þegar spurt var að því beint. Hins vegar þegar nemendur voru spurðir hvað þeir myndu gera ef þeir horfðu á einelti þá svöruðu tveir

nemendur því til að þeir myndu horfa á án þess að hjálpa þolanda. Samkvæmt skilgreiningu á einelti þá flokkast sá aðili sem horfir á en gerir ekkert til að hjálpa sem gerandi í eineltismálum. Þrátt fyrir að umsjónarkennarar hafi alloft farið yfir skilgreininguna á einelti gera nemendur sér ekki grein fyrir því að þeir eru að leggja í einelti eða vilja ekki viðurkenna það.

Um 20% nemenda svara því til að þeir hafi verið lagðir í einelti einhvern tíma á skólagöngunni en eineltinu sé nú lokið. Af því má draga þá ályktun að unnið hafið verið að þeirra málum af skóla og heimili en mikilvægt er að markvissri vinnu sé haldið áfram og hún endurskoðuð reglulega þar sem óásættanlegt er að nemendur við skólann verði fyrir einelti.

Út frá tillögum starfsmanna og niðurstöðum könnunarinnar var unnin umbótaáætlun (sjá viðauka 1). Við gerð hennar voru þau viðmið sem sett eru fram í starfsáætlun skólans varðandi líðan nemenda í skólanum og fjölda þeirra nemenda sem verða fyrir einelti höfð að leiðarljósi. En samkvæmt niðurstöðum könnunarinnar er skólinn ekki að ná settum viðmiðum. Ljóst er að starfsmenn skólans þurfa stöðugt að vera á varðbergi gagnvart því að nemendur verði fyrir einelti og mikilvægt er að heimili og skóli vinni saman að þessum málum.

Foreldrakönnun

Markmið skólans með því að leggja fyrir foreldrakönnun er að gefa foreldrum kost á því að hafa áhrif á skólastarfið við að gera góðan skóla betri. Til að auðvelda stjórnendum og starfsmönnum að fylgjast með þróun skólastarfsins hefur sú leið verið valin að leggja svipaðar eða sömu spurningar fyrir foreldra/forráðamenn nemenda á hverju ári.

Í starfsáætlun skólans sem unnin var fyrir skólaárið voru sett viðmið varðandi nokkra þætti skólastarfsins. Í foreldrakönnuninni var spurt um þá þætti sem þar koma fram til að kanna hvort að viðmiðum væri náð.

Fyrirlögn könnunar

Lögð var könnun fyrir foreldra nemenda 1.-10. bekkjar með það að markmiði að fá betri yfirsýn yfir hug foreldra hvað skólastarfið varðar. Könnun með sambærilegum spurningum var lögð fyrir nemendur. Þeir þættir sem lagðir voru til grundvallar spurningum, koma fram í stefnu skólans sem og starfsáætlun.

Rafrænn spurningarlisti var unninn í forritinu Lime Survey. Spurningalisti var byggður á

spurningalista síðasta árs og innihélt 40 spurningar þar af voru 11 spurningar opnar. Slóð könnunarinnar var send út til foreldra nemenda í 1. – 10. bekk í tölvupósti í mars. Svarað var einu sinni fyrir hvert barn. Svörun barst frá rúmlega 44% foreldra sem er fækkun um 13% frá síðasta ári. Best var svörun foreldra í 2. árgangi þar sem 53% foreldra tóku þátt. Minnst svörun var frá foreldum barna í 9. árangri eða 25%. Tæplega 56% þeirra sem svöruðu áttu drengi en rúmlega 44% stúlkur.

Matsþættir

Markmiðið með fyrirlögn foreldrakönnunar er að gera góðan skóla betri og fá fram raddir foreldra varðandi ýmsa þætti skólastarfsins. Með þessu móti gefst foreldrum kostur á því að hafa áhrif á starf skólans. Til að auðvelda starfsfólki skólans að fylgjast með þróun skólastarfsins er reynt að hafa spurningar svipaðar á milli ára en tekið er mið af áhersluþáttum skólastarfsins hverju sinni. Helstu þættir sem voru lagðir til grundvallar við gerð spurninga koma fram í stefnu skólans sem og starfsáætlun. Áhersluþættir voru m.a. nám og kennsla, samskipti og samstarf heimilis og skóla, líðan nemenda, aðbúnaður, innra starfs skólans, mötuneytismál, aðgengi að starfsfólki og upplýsingagjöf.

Niðurstöður

Helstu niðurstöður foreldrakönnunar leiddu í ljós að tæplega 81% foreldra eru mjög ánægðir eða ánægðir með Lágafellsskóla sem er lækkun um 6% frá síðasta skólaári. Það viðmið sem sett var í starfsáætlun og lítur að ánægju foreldra er 80%. Rúmlega 80% foreldra telja að barni sínu líði mjög vel eða vel í skólanum og er sú tala sambærileg á milli ára. Það viðmið sem sett var fram í starfsáætlun skólans og lítur að góðri eða mjög góðri líðan nemenda er 90% og eru niðurstöður því tæplega 10% undir viðmiðum og sú niðurstaða sambærilega milli ára.

Þegar spurt var hvernig foreldrar teldu að samskipti milli barns og starfsfólks væru í skólanum svöruðu 90% því til að þau séu mjög góð eða góð. Að sama skapi telja rúmlega 94% að samskipti við umsjónarkennara séu mjög góð eða góð og hefur sú tala hækkað um 4% frá síðasta ári.

Þegar spurt var beint um ánægju með samstarf heimila og skóla voru tæplega 60% sem voru mjög ánægð eða ánægð með samstarfið og er það lækkun um 5% frá síðasta skólaári. Rúmlega 36% svarenda töldu samstarfið vera í lagi. Í starfsáætlun skólans fyrir skólaárið var viðmiðið

sem sett var varðandi ánægju með samstarf heimilis og skóla 80% og ljóst að nokkuð vantar upp á til að það náist.

Í starfsáætlun var sett viðmið varðandi aðgengi að starfsmönnum skólans í gegnum tölvupóst þar sem svörun skyldi ekki taka lengri tíma en tvo daga. Viðmiðið er 90% og niðurstöður foreldrakönnunar sýna að af þeim sem hafa þurft að ná sambandi við starfsfólk skólans í gegnum tölvupóst hafa á bilinu 93-96% fengið svar innan tveggja daga.

Af þeim foreldrum sem tóku afstöðu, voru rúmlega 69% mjög sammála eða sammála því að raddir allra fengju að heyrast í Lágafellsskóla. Viðmiðið sem sett var varðandi hvort hlustað væri á skoðanir allra og virðing borin fyrir þeim var 80% og eru heildarniðurstöður því 11% undir viðmiðum og eru það sambærilegar niðurstöður og á síðasta skólaári.

Foreldrar voru spurðir hvort Lágafellsskóli byði upp á fjölbreytta kennsluhætti. Viðmið í starfsáætlun voru að tæplega 80% foreldra teldi svo vera. Þegar svör eru skoðuð út frá þeim sem tóku afstöðu telja tæplega 78% foreldra svo vera.

Samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla skal námsmat vera opið og aðgengilegt foreldrum og setur skólinn fram í starfsáætlun það viðmið að 80% foreldra telji að svo sé. Þegar foreldrar eru spurðir um það hvort námsmat sem birtist í Mentor skili sér til þeirra telja tæplega 65% að svo sé. Í starfsáætlun var sett fram það viðmið að 80% foreldra telji að komið sé til móts við þarfir hvers og eins. Tæplega 70% foreldra telja að námsþörfum barns síns sé mjög vel eða vel sinnt en rúmlega 19% telja að þeim sé sæmilega sinnt, ánægðastir eru foreldrar á yngsta stigi. Rúmlega 53% foreldra hafa ekki nýtt sér stoðþjónustu skólans en tæplega 94% þeirra sem hafa nýtt sér stoðþjónustuna eru mjög ánægðir eða ánægðir með hana. Sé gengið út frá svörun þeirra foreldra sem taka afstöðu til fullyrðinga úr stefnu skólans varðandi það að hæfileikar allra fái að njóta sín telja 71% foreldra svo vera. Ljóst er að skólinn þarf að einstaklingsmiða nám nemenda mun meira en gert er og spurning hvort ekki þurfa að auka þátttöku nemenda í umfjöllun og ákvarðanatöku.

Spurt var um miðlun upplýsinga frá skólanum í heild og töldu tæplega 77% hana vera mjög góða eða góða en það viðmið sem sett var fram í starfsáætlun var 90%.

Þegar spurt var hvor foreldrar teldu skóladaginn heilstæðan töldu tæplega 63% af þeim sem töku afstöðu svo vera. Viðmið í starfsáætlun eru 90%.

Í könnuninni voru foreldrar spurðir hversu miklum tíma á viku börn þeirra verðu í heimanám og kom í ljós að tæplega 62% nemenda eyða einni til þremur klukkustundum í heimanám á viku. Athygli vekur að þegar niðurstöður eru skoðaðar eftir kyni nemenda og stigi, kemur í ljós 24% drengja á yngsta stigi eyða þremur tímum eða meira á viku í heimanám en 8% stúlkna. Þegar foreldrar voru spurðir hversu mikla aðstoða barn þeirra þarf við heimanám kom fram að tæplega 45% drengja þarf mjög mikla eða mikla aðstoð við heimanámið en 36% stúlkna. Þegar niðurstöður eru skoðaðar vekur athygli hversu hátt hlutfall nemenda og þá sér í lagi drengja á yngsta stigi virðast þurfa mjög mikla eða mikla aðstoð við heimanám eða 45%.

Á miðstigi kemur fram lítil munur milli kynja hvað varðar tíma sem varið er til heimanáms. Þegar litið er til þess hversu mikla aðstoð foreldrar telja börn sín þurfa við heimanámið vekur athygli að foreldrar tæplega 5% drengja telja þá enga aðstoð þurfa en rúmlega 16% foreldra stúlkna eru á sama máli. Rúmlega 51% foreldra drengja telja sig þurfa að aðstoða börn sín hæfilega mikið við heimanámið en tæplega 40% foreldra stúlkna.

Á elsta stigi er mestur kynjamunur þegar skoðaður er fjöldi þeirra sem verja 1-2 tímum til heimanáms á viku en þar eru rúmlega 30% drengja og 13% stúlkna. Tæplega 35% drengja verja 3 tímum eða meira á viku til heimanáms en rúmlega 64% stúlkna. Ef skoðað er hversu mikla aðstoð foreldrar telja börn sína þurfa kemur fram að rúmlega 16% foreldra drengja telja syni sína þurfa mjög mikla eða mikla aðstoð við heimanámið en rúmlega 4% foreldra stúlkna. Foreldrar 43% drengja svöruðu því til að synir þeirra þyrftu mjög litla eða litla aðstoð við heimanámið en foreldrar tæplega 58% stúlkna.

Samkvæmt ofangreindum niðurstöðum má velja því fyrir sér hvers vegna stúlkur á elsta stigi virðast verja mun lengri tíma en drengir til heimanáms og þurfa minni aðstoð við verkin. Einnig er athyglivert að þrisvar sinnum fleiri drengir en stúlkur á yngsta stigi skuli eyða meira en þremur klukkustundum á viku í heimanám og þurfa að auki mun meiri aðstoð en stúlkur við vinnu sína. Ef niðurstöður þessar eru hafðar í huga er ljóst að skólinn þarf að skoða framsetningu heimanáms og ekki úr vegi að hafa í fyrirrúmi ólíkar þarfir nemenda eftir námslegri stöðu og kyni.

Foreldrar voru spurðir um hvernig stjórnun skólans kæmi þeim fyrir sjónir og eru það tæplega 60% sem telja hana mjög góða eða góða. Tæplega 23% telja hana í lagi. Þessar niðurstöður eru nokkuð sambærilegar á milli ára og ljóst að stjórnendur þurfa að huga að þessum niðurstöðum.

Í ár var lögð fyrir foreldra spurning varðandi hæfni og fagmennsku starfsfólks skólans þar sem þessir þættir eru lykilþættir í mati á Gæðagreinum en það er gæðakerfi sem skólinn vinnu m.a. eftir. Rúmlega 6% foreldra telja að starfsfólks skólans sýni framúrskarandi hæfni og rúmlega 85% töldu hana mjög góða eða góða, tæplega 9% telja hæfni starfsfólks ásættanlega. Það er jákvætt hversu margir foreldrar telja fagmennsku og hæfni starfsfólks vera mjög góða eða góða en áfram skal stefnt að því að hækka hlutfall þeirra sem telja hæfnina og fagmennskuna framúrskarandi.

Foreldrar voru spurðir hvernig þeim þætti skólastarfinu hafa miðað undanfarin tvö ár. Niðurstöður sýna að foreldrar nemenda á elsta stigi telja framfarirnar hafa verið mestar en 62% svara því til að framfarirnar hafi verið miklar eða talsverðar. Athygli vekur að hæst hlutfall þeirra foreldra sem telur kyrrstöðu hafa ríkt í skólastarfinu síðastliðin tvö ár, er meðal foreldra á miðstigi. Einnig er umhugsunarvert að tæplega 16% foreldra nemenda á miðstigi telja að afturför hafi orðið í skólastarfinu síðustu tvö ár. Ljóst er að skoða þarf hvað liggur að baki þessum niðurstöðum svo hægt sé að bregðast við til framfara.

Niðurstöður sýna að af þeim sem tóku afstöðu eru rúmlega 79% foreldra mjög ánægðir eða ánægðir með foreldraviðtölin og er það sambærileg niðurstaða frá síðasta skólaári. Vert er að skoða hvaða leiða sé hægt að leita til að hækka tölu þeirra foreldra sem eru ágægðir með viðtölin.

Þegar foreldrar voru spurðir hvernig þeim þætti aginn í skólanum vera kom í ljós að rúmlega 39% foreldra segjast vera sáttir við agamál í skólanum og er sú tala sambærileg á milli ára. Tæplega 25% fannst aginn vera of lítill eða lítill en sú tala hefur lækkað um 4% frá fyrra ári. Rúmlega 31% telja sig ekki vita nóg um agamál til að taka afstöðu til spurningarinnar. Hæst hlutfall þeirra sem taka afstöðu til agamála er meðal foreldra á miðstigi. Hæst hlutfall þeirra sem telja agann of mikinn eða mikinn er einnig meðal foreldra á miðstigi. Hæst hlutfall þeirra sem telja agann of lítinn eða lítinn er meðal foreldra á yngsta og miðstigi. Ánægðastir eru foreldrar nemenda á elsta stigi. Ljóst er að vinna þarf áfram að agamálum í skólanum.

Þegar foreldrar voru spurðir hversu vel þeim þætti upplýsingar varðandi daglegt gengi skila sér í gegnum Mentor, kom fram að tæplega 25% foreldra nemenda á yngsta stigi töldu sig ekki hafa forsendur til að svara spurningunni. Þar sem skráning atburða í dagbók nemenda í Mentor er hluti vinnuferla má spyrja sig hverju það sætir að foreldrar barna á yngsta stigi geti ekki tekið afstöðu til spurningarinnar. Ljóst er að frekari kynningar á dagbókarfærslum er þörf meðal foreldra á yngsta stigi.

Kannaður var hugur foreldra til mötuneytis skólans og kom fram að 64% foreldra nemenda sem eru skráðir í mötuneyti eru mjög ánægðir eða ánægðir með mötuneytið sem er hækkun um tæplega 5% frá síðasta skólaári. Lægst hlutfall ánægðra er meðal foreldra nemenda á miðstigi og hæst meðal foreldra nemenda á yngsta stigi.

Fram kom, þegar spurt var hvort skóladagur barns væri heildstæður, að tæplega 63% þeirra sem tóku afstöðu töldu svo vera. Það hlutfall sem sett var fram í starfsáætlun skólans var 90%. Tæplega 13% foreldra í 4.-10. bekk svöruðu því til að barn þeirra væri ekki í tómsfundum og eru flestir nemendur sem ekki taka þátt á unglingsstigi eða rúmlega 18%.

Í opnum svörum komu fram margir þættir sem foreldrar vildu tjá ánægju með ásamt því að bent var á ýmislegt sem þeir töldu að betur mætti fara. Samkvæmt opnum svörum eru foreldrar almennt ánægðir með samskipti starfsmanna við börn sín en þó koma fram allnokkrar athugasemdir er varða slæma upplifun af samskiptum sem lýsa sér einna helst í tilsvörum, óliðlegheitum og skort á gagnkvæmri virðingu. Þar sem skólinn starfar í anda Uppbyggingastefnunnar, er mikilvægt að starfsmenn tileinki sér þá uppbyggilegu og jákvæðu samskiptaleiðir sem stefnan stendur fyrir.

Nokkur fjöldi foreldra talar um gleði og ánægju barna sinna með skólann og segja líðan þeirra góða. Helsta umkvörtunarefni foreldra varðandi líðan barnanna snertir hávaða í matsal og kennslustofum. Fram koma bæði jákvæðar og neikvæðar athugasemdir varðandi eineltismál og hvernig tekið hefur verið á þeim af skólans hálfu. Ljóst er að betur má ef duga skal. Margir foreldrar vildu einnig koma á framfæri hrósi og þakklæti til starfsfólks skólans fyrir fagleg og góð vinnubrögð. Umbótaáætlun er að finna í viðauka 2.

Nemendakönnun

Margt að því sem velja þarf fyrir sér í matsferlinu er þess eðlis að leita verður til nemenda um svör. Til að auðvelda stjórnendum og starfsmönnum að fylgjast með þróun skólastarfsins hefur sú leið verið valin að leggja svipaðar eða sömu spurningar fyrir nemendur einu sinni á ári. Með þessu móti gefst nemendum kostur á því að hafa áhrif á skólastarfið. Markmiðið með fyrirlögninni er að gera góðan skóla betri.

Í starfsáætlun skólans sem unnin var fyrir skólaárið voru sett viðmið varðandi nokkra þætti skólastarfsins. Í könnuninni var spurt um þá þætti sem þar koma fram til að kanna hvort að viðmiðum væri náð.

Fyrirlögn könnunar

Nemendakönnun var lögð fyrir nemendur í 5.-10. bekk í apríl 2014. Ábyrgð á vinnu og framkvæmd báru deildarstjóri sérkennslu og mats og deildarstjóri elsta stigs. Tilgangurinn með fyrirlögn könnunarinnar er að vinna með niðurstöður innan skólans til að bæta líðan nemenda og kortleggja það starf sem á sér stað í skólanum. Sambærilegar spurningar voru lagðar fyrir foreldra í foreldrakönnun.

Rafrænn spurningalisti var unnin í forritinu Lime Survey og voru spurningarnar byggðar á spurningum síðasta skólaárs með samanburð milli ára í huga. Foreldrar voru upplýstir um að nemendakönnun yrði lögð fyrir nemendur sem kallaðir voru í tölvustofu og bókasafn skólans til að svara könnuninni á veraldarvefnum. Nemendafjöldi í 5.-10. bekk þegar könnunin var lögð fyrir var 420 nemendur. Svarendur voru 403 eða 95,7%. Könnunin inniheldur 39 spurningar og þar af eru fjórar opnar spurningar. Víða eru niðurstöður flokkaðar eftir stigum. Þegar talað er um miðstig þá er átt við nemendur í 5.-7. bekk og þegar talað er um elsta stig við er átt við nemendur í 8.-10. bekk.

Matsþættir

Helstu þættir sem voru lagðir til grundvallar við gerð spurninga koma fram í stefnu skólans sem og starfáætlun. Áherslur þættir voru m.a. nám og kennsla, samskipti og samstarf heimilis og skóla, aðbúnað nemenda, líðan nemenda, innra starfs skólans, aðgengi að starfsfólki, upplýsingagjöf og mótuneytismál.

Niðurstöður

Samkvæmt sjálfsmatsáætlun skólans skal leggja viðhorfskönnun fyrir nemendur í 5.-10. bekk. Könnunin sem lögð var fyrir að þessu sinni er nokkuð sambærileg á milli ára en spurningar hafa verið endurgerðar og aðlagðar þar sem þess var talin þörf.

Könnun með sambærilegum spurningum er lögð fyrir foreldra nemenda í 1.-10.bekk. Þeir þættir sem lagðir eru til grundvallar í könnuninum koma fram í stefnu skólans sem og starfsáætlun.

Í starfsáætlun skólans sem unnin var fyrir skólaárið voru sett viðmið varðandi nokkra

þætti skólastarfsins. Í nemendakönnuninni var spurt um þá þætti sem þar koma fram til að hægt væri að kanna hvort viðmiðum væri náð. Samkvæmt niðurstöðum nemendakönnunar líður rúmlega 81% nemenda mjög vel eða vel í skólanum og er tæpum 9% undir viðmiði starfsáætlunar. Niðurstöður nemendakönnunar leiddu í ljós að 80% nemenda eru mjög ánægðir eða ánægðir með Lágafellsskóla en það viðmið sem sett var í starfsáætlun skólans og lítur að ánægju nemenda er 80%. Þegar spurt var um hvort nemendur teldu að kennarar notuðu fjölbreytta kennsluhætti var niðurstaðan sú að rúmlega 70% töldu svo vera og er það 10% undir viðmiðum starfsáætlunar. Rúmlega 50% nemenda telja að hlustað sé á skoðanir þeirra í skólanum en það hlutfall er langt undir viðmiði starfsáætlunar sem er 80%. Lágafellsskóli vinnur samkvæmt hugmyndafræði Uppbyggingastefnunnar og kannað var hversu vel nemendur þekkja til stefnunnar. Í ljós kom að tæplega 79% þekkja mjög vel eða vel til stefnunnar en það er 1% undir settum viðmiðum. Þegar spurt var hvort hæfileikar allra fái sín notið voru rúmlega 54% nemenda mjög sammála eða sammála og er það 26% undir viðmiðum starfsáætlunar. Þessar tölur eru sambærilegar á milli ára ef undanskildar eru þær er varða þekkingu á Uppbyggingarstefnunni, þar hefur hlutfallið hækkað um rúmlega 5% frá síðasta ári.

Rúmlega 86% nemenda telja samskipti sín við umsjónarkennara vera mjög góð eða góð en umsjónarkennari er sá aðili innan skólans sem stendur næst hverjum nemanda og mikilvægt að traust ríki þar á milli. Þessi tala hefur hækkað um 14% á milli ára.

Nemendur voru að auki spurðir út í samskipti sín við faggreinakennara, íþróttakennara, list- og verkgreinakennara, skólastjórnendur og stuðningsfulltrúa. Niðurstöður voru sambærilegar milli stiga í öllum tilvikum nema þegar spurt var um samskipti við íþróttakennara, þá var u.þ.b. 22% munur á milli miðstigs og elsta stigs þar sem nemendur miðstigs voru sáttari við samskiptin.

Nemendur voru spurðir hvernig tekið hefði verið á þeim málum sem þeir hefðu lent í s.s. einelti, deilum við samnemendur eða starfsmenn, svöruðu rúmlega 59% því til að þeir hefðu ekki lent í neinum málum. Rúmlega 15% telja að illa eða mjög illa hafi verið á málunum og er hærra hlutfall þeirra á unglíngastigi.

Þegar spurt var um hve ánægðir nemendur væru með skólann eru nemendur á miðstigi ánægðari en nemendur á unglíngastigi og munar rúmlega 10% á milli stiga. Má velta því fyrir sér hvað veldur þessum mun á milli stiga.

Rúmlega 73% nemenda eru mjög ánægð eða ánægð með foreldraviðtölin og eru niðurstöður sambærilegar á milli stiga. Hreyfing hefur orðið í svörum foreldra á miðstigi þar sem nú svara mun fleiri því til að samtölin séu í lagi en ekki í mjög góðu lagi.

Rúmlega 29% nemenda telja kennara hrósa sér mjög oft eða oft fyrir vel unnin verk. Það er lækkun um 6% frá síðasta ári en lækkun um 16% heildarlækkun ef horft er til síðustu tveggja ára.

Rúmlega 6% nemenda í 5.-10. bekk telja kennara aldrei hrósa sér fyrir vel unnin verk og er hlutfall þeirra hærra á unglingsstigi en á miðstigi. Áhugavert er að velta fyrir sér þessum niðurstöðum og því, hvort huga þurfi sérstaklega að því að nemendur upplifi að þeim sé sjaldan eða aldrei hrósað fyrir vel unnin verk.

Tæplega 41% nemenda skólans þykir námið í skólanum alltaf eða oft áhugavert. Hlutfall þeirra nemenda sem telja námið áhugavert er hærra á miðstigi tæplega 48% en á unglingsstigi er hlutfallið tæplega 35%. Þá telja tæplega 21% nemenda á unglingsstigi að nám þeirra sé sjaldan eða aldrei áhugavert, hlutfall þeirra sem hafa þá skoðun meðal nemenda miðstigs er tæplega 18%. Þessar niðurstöður eru umhugsunarverðar og vert verkefni að skoða hvernig gera megi námið áhugaverðara fyrir nemendur.

Þá vekur athygli að rúmlega 63% nemenda á unglingsstigi telja að kennarar noti fjölbreyttar aðferðir við kennslu en rúmlega 78% á miðstigi. Um 80% nemenda telja þrátt fyrir ýmsar ábendingar um það sem betur mætti fara að boðið sé upp á mjög góða eða góða kennslu í skólanum.

Þegar niðurstöður úr spurningum um Mentor eru skoðaðar þá kemur fram að tæplega 31% nemenda á miðstigi vita ekki eða svara neitandi þegar spurt er hvort þeir geti skoðað verkefnabækur í Mentor. Ljóst er að kynna þarf þennan þátt fyrir miðstignemendum.

Þá telja mun fleiri nemendur á elsta stigi að þeir geti treyst á skráningar í Mentor en nemendur á miðstigi.

Tæplega 46% nemenda töldu að Frammistöðumatið gæfi þeim betri upplýsingar um gengi sitt í skólanum. Ef niðurstöður er skoðaðar eftir stigum þá eru það 60% nemenda á miðstigi sem telja að matið gefi þeim betri upplýsingar um gengi en rúmlega 33% nemenda á unglingsstigi telja svo vera. Rúmlega 30% höfðu ekki myndað sér skoðun og var hlutfall þeirra einnig hærra á unglingsstigi eða tæplega 36%. Samkvæmt nýrri Aðalnámskrá grunnskóla skal

virka nemendur til sjálfsmats og sjálfsskoðunar samkvæmt lykilhæfniviðmiðum. Kennarar skulu einnig meta sambærilega þætti hjá nemendum. Vert er að velta því fyrir sér hvað veldur því að nemendur á unglingastigi skuli ekki sjá sér hag í þeim upplýsingum og sjálfsmati sem kerfið býður upp á og námskráin kveður á um. Aðkoma kennara, með hvatningu og leiðbeiningum, gæti haft áhrif á viðhorf nemenda.

Tæplega 50% nemenda verja tveimur klukkustundum eða minna til heimanáms á viku en tæplega 17% verja til þess fjórum klukkustundum eða meira á viku. Séu stigin borin saman kemur fram að yngri nemendur eyða minni tíma í heimanám en þeir sem eldri eru. Áhugavert er að skoða niðurstöðurnar eftir árgöngum þar sem innan miðstigs gæti ákveðins ósamræmis milli árganga. Mikilvægt er að huga að því að eðlilegur stígandi sé í því vinnuálagi sem nemendur takast á hendur heimavið. Ljóst er að skólinn þarf að móta sér stefnu varðandi heimanám nemenda.

Í opnum svörum varðandi heimanám kom fram að nemendum á unglingastigi þykja verkefnaskil og próf raðast á sömu vikur og óska eftir samstarfi milli kennara varðandi þetta. Mikilvægt er að huga að álagstímum hjá nemendum og er samvinna milli kennara þar nauðsynleg.

Þegar nemendur voru spurðir hversu mikla aðstoð þeir þyrftu við heimanám sitt kom fram að tæplega 13% þyrftu mjög mikla eða mikla aðstoð heima fyrir sem er aukning um 5% frá síðasta skólaári. Rúmlega 16% nemenda á miðstigi þurfa mjög mikla eða mikla hjálp við heimanám sitt en sú tala var 3% á síðasta skólaári er og aukningin því 13% á milli ára. Ljóst er að skoða þarf hvað veldur þeirri aukningu og að hafa þarf í huga mismunandi getu og aðstæður nemenda til takast á við heimanámið.

Þegar nemendur voru spurðir um hvernig vinnufriður væri í kennslustundum sýndu niðurstöður að rúmlega 44% nemenda þykir vinnufriður mjög góður eða góður. Ef niðurstöður eru skoðaðar eftir stigum kemur fram að tæplega 46% nemenda á unglingastigi telja vinnufriðinn mjög góðan eða góðan, en tæplega 34% nemenda á miðstigi, þær niðurstöður eru sambærilegar frá fyrra ári. Rúmlega 26% nemenda á miðstigi telja vinnufriðinn vera slæman eða mjög slæman og rúmlega 16% nemenda á unglingastigi. Mikilvægt er að skoða niðurstöður eftir árgöngum og vinna með agamál og vinnusiðferði nemenda í ljósi þessara niðurstaðna.

Nemendur voru spurðir um hvort þeir vildu að bekkurinn ætti heimastofu og töldu rúmlega 87% svo vera. Þegar stigin eru skoðuð þá eru tæplega 89% nemenda á elsta stigi því fylgjandi. Mikilvægt er að hafa raddir nemenda í huga þegar þessi mál eru skoðuð.

Fram kom að tæplega 51% nemenda telja að hlustað sé á þeirra skoðanir og hefur það hlutfall lækkað um 2% á milli ára en vert er að geta þess að á þremur árum hefur þessi tala lækkað um 14%. Velta má fyrir sér hvort bekkjarfundir með kennara, þar sem nemendur eru hvattir til að tjá sig um hin ýmsu málefni sem varða skólastarfið, séu heppilegur vettvangur til að vinna að auknu lýðræði nemenda. Í vetur hafa verið haldnir tveir lýðræðisfundir með nemendum á unglingastigi með það að markmiði að bæta nemendalýðræði í skólanum. Fyrri fundurinn snerist um mötuneytið þar sem nemendum gafst kostur á að koma á framfæri sínum hugmyndum hvað varðar matseðil skólans. Á síðari fundinum voru nemendur beðnir um að nefna það sem vel er gert, það sem betur má fara og nýjar hugmyndir varðandi skólastarfið. Til stendur að halda slíka fundi með nemendum miðstigs á næsta skólaári. Fróðlegt verður að sjá hvort slíkir fundir muni hafa áhrif á upplifun nemenda í framtíðinni hvað varðar lýðræði.

Þegar spurt var út í Uppbyggingarstefnuna kemur í ljós að 79% nemenda þekkja mjög vel eða vel til stefnunnar og sé litið til stiganna hafa nemendur á unglingastigi mun betri þekkingu á stefnunni í ár en á síðasta skólaári.

Umbótaáætlun er að finna í viðauka 3.

Sýn foreldra og nemenda til þátta úr stefnu skólans

Fullyrðingar sem liggja til grundvallar stefnu skólans voru settar fram og afstaða hópanna til þeirra könnuð. Við samanburð á svörum má sjá ólíka upplifun hópanna á skólasamfélaginu á vissum sviðum en niðurstöður eru sambærilegar milli ára. Eftirfarandi er sundurliðun svara fyrir hverja fullyrðingu sem sett var fram í könnunum.

„Í Lágafellsskóla fá hæfileikar allra að njóta sín“

	Mjög sammála	Sammála	Ósammála	Mjög ósammála	Veit ekki
Nemendur	16,53%	37.60%	17.05%	8.53%	20.27%
Foreldrar	5.48%	43.23%	17.42%	2.26%	31.61%

„Í Lágafellsskóla ríkir jákvætt, uppbyggilegt og afslappað andrúmsloft“

	Mjög sammála	Sammála	Ósammála	Mjög ósammála	Hef ekki myndað mér skoðun
Nemendur	15.73%	42.67%	20%	4%	17.60%
Foreldrar	8.71%	53.23%	15.81%	3.55%	18.71%

„Raddir allra fá að heyrast í Lágafellsskóla“

	Mjög sammála	Sammála	Ósammála	Mjög ósammála	Hef ekki myndað mér skoðun
Nemendur	9.60%	41.07%	19.73%	7.73%	21.87%
Foreldrar	3.55%	38.39%	15.81%	2.58%	39.68%

„Í Lágafellsskóla er boðið upp á fjölbreytta kennsluhætti“

	Mjög sammála	Sammála	Ósammála	Mjög ósammála	Hef ekki myndað mér skoðun
Nemendur	24.53%	46.13%	12.27%	4.53%	12.53%
Foreldrar	5.81%	51.29%	15.16%	1.29%	26.45%

„Í Lágafellsskóla er boðið upp á gæða kennslu“

	Mjög sammála	Sammála	Ósammála	Mjög ósammála	Hef ekki myndað mér skoðun
Nemendur	22.13%	58.40%	8.80%	2.13%	8.53%
Foreldrar	8.39%	59.03%	11.94%	0.65%	20%

Viðhorfskönnun meðal foreldra barna í Frístund

Í ár sem var lögð könnun fyrir foreldra nemenda 1.-4. bekkjar sem nýta sér þjónustu Frístundasels með það að markmiði að fá yfirsýn yfir hug foreldra varðandi starfsemina.

Fram kom að mikil ánægja ríkir meðal foreldra með Frístundaselið. Yfir 93% foreldra eru mjög ánægðir eða ánægðir með starfið. Foreldrar eru almennt ánægðir með agamálin í

Frístundaselinu þar sem nærri 92% svara því til að vera sáttir við agann. Varðandi húsnæðið sem nýtt er undir starfseminu kemur fram að rúmlega fjórðungur foreldra telja að húsnæðið sé ábótavant eða stórlega ábótavant og er mikilvægt að skoða leiðir til að bæta þá aðstöðu sem nýtt er.

Viðmót starfsmanna í garð nemenda er talið mjög jákvætt eða jákvætt en tæplega 95% foreldra telja svo vera. Þegar viðmót starfsmanna gagnvart foreldrum er skoðað er hlutfall þeirra sem telja það jákvætt eða mjög jákvætt tæplega 94%. Þá telja rúmlega 87% foreldra sig geta mælt sterklega eða mjög sterklega með starfsemi Frístundaselsins og tæplega 13% að nokkru leyti.

Foreldrar virðast almennt telja að barninu líki vel í Frístundaseli en rúmlega 93% svara því til að barninu líki mjög vel eða vel og tæplega 7% sæmilega.

Foreldrar voru inntir eftir skoðun varðandi kaup á hressingu fyrir barn sitt í Frístundaseli og kom fram að rúmlega 71% foreldra eru hlynntir hugmyndinni. Verði farið að óskum foreldra væri komin ein leið til að vinna að auknu heilbrigði í fæðuvali nemenda eins og verkefnið um heilsueflandi skóla gerir ráð fyrir auk þess að auka enn þjónustustig við heimilin.

Foreldrar voru spurðir hvort þeir teldu að leggja ætti meiri áherslu á frjálstan leik og útiveru í frístundatímanum. Fram kom að hópur foreldra telur sig ekki hafa forsendur til að meta það en yfir helmingur foreldra taldi að auka ætti áherslu á útiveruna.

Fyrirkomulag Íþróttafjörs hefur verið til skoðunar og var kannað hvernig foreldrar töldu barninu sínu hafa líkað. Fram kom að rúmlega 42% töldu að barninu líkaði mjög vel eða vel og tæplega 37% töldu að barninu hafi líka mjög illa eða illa. Mikil munur var á niðurstöðum þegar litið var til árganga og kynja. Nemendum í 1. bekk líkaði mun betur en nemendum í 2. bekk og sé horft til kynjanna þá voru stúlkur ánægðari en drengir og munaði þar rúmlega 36%. Ljóst er úr frá þessum niðurstöðum að endurskoða þarf starfsemi Íþróttafjörs og finna leið til að koma til móts við þann hóp sem líkar illa við núverandi stöðu.

Í opnum svörum kom fram mikil ánægja með starfseminu auk þess sem bent var á þætti sem betur mega fara. Margir nefndu gott starf forstöðumanns sem heldur vel utan um starfseminu og leysir þau mál sem upp koma farsællega. Almennt fékk starfsfólk Frístundasels góða umsögn foreldra og var gott og hlýlegt viðmót tekið fram af allmörgum. Nokkrir nefndu að starfsmenn þyrftu að fylgjast betur með, minnka farsímanotkun og aðstoða nemendur sérstaklega við heimferð svo að töskur og föt færu með þeim heim.

Hávaði í Frístundaseli var nefndur og húsnæðið sem þyrfti að vera betra auk þess sem leggja mætti áherslu á betri umgengni nemenda. Ábendingar bárust varðandi Ípróttafjör og hópastærðir sem gerðu nemendum þar erfitt fyrir. Einnig kom fram að í Ípróttafjöri þykir foreldrum vanta opnara skipulag sem foreldrar hafa aðgang að til að fylgjast með.

Á haustdögum mun starfsfólk Frístundasels fara yfir niðurstöður könnunarinnar og gera umbótaáætlun varðandi þá þætti sem betur mega fara.

Samræmd próf

Til að meta árangur skólastarfs eru fleiri leiðir færar en þær sem hér hefur verið fjallað um. Aðilar utan skólans framkvæma ýmsar athuganir. Meðal þeirra eru samræmd könnunarpróf í 4., 7. og 10. bekk sem framkvæmd eru af Námsmatsstofnun. Lágafellsskóli nýtir sér niðurstöður þessara kannana til að meta árangur af námi og kennslu með það að markmiði að skoða hvað vel er gert og hvað betur megi fara.

Hér að neðan er að finna samantekt niðurstaðna samræmdra könnunarprófa sem lögð voru fyrir í september 2013 og eldri niðurstöður hjá árgangi 1998 sem tóku prófin í þriðja sinn í íslensku og stærðfræði en fyrsta skipti í ensku. Einnig er að sjá niðurstöður nemenda úr árgangi 2001 sem tóku íslensku- og stærðfræðiprófin í annað sinn.

10.bekkur árgangur 1998:

Námsgrein	Lágafellsskóli	Normaldreif einkunn 0-60 þar sem landsmeðaltalið er 30	Lágafellsskóli	Raðeinkunn á bilinu 0-100 þar sem landsmeðaltalið er 50.
Íslenska 10. b.	31,7	30	54,5	50
Stærðfræði 10. b	29,0	30	46,6	50
Enska 10. b.	31,66	30	54,9	50
Íslenska 7. b.	30,3	30	51,2	50
Stærðfræði 7. b.	29,6	30	48	50
Íslenska 4. b.	29,3	30	Ekki gefið út	Ekki gefið út
Stærðfræði 4. b.	29,4	30	Ekki gefið út	Ekki gefið út

Heildarárangur árgangsins í íslensku hefur batnað örlítið á milli könnunarprófa og fer úr því að vera rétt undir landsmeðaltali í 4. bekk, yfir í það að vera yfir landsmeðaltali í 10.bekk. í 7. bekk var árangur nemendanna á landsmeðaltali. Ef einstaka undirþættir prófsins eru skoðaðir

á kvarðanum 0-10 þá hafa málfræði- og ritunarþættirnir alltaf komið vel út hjá árganginum og verið vel yfir landsmeðaltali. Stafsetningarþátturinn er jafn landsmeðaltali en mestu framfarirnar eiga sér stað í undirþættinum lestur/lesskilningur og hlustun þar sem nemendur eru 0,6 undir landsmeðaltali í 4. bekk en eru komnir 0,2 yfir landsmeðaltal í 10.bekk.

Í stærðfræði hefur árgangurinn alltaf verið rétt undir landsmeðaltali og litlar sveiflur verið í einstaka undirþáttum. Algebra bætist við sem undirþáttur í 10.bekk og mælist árgangurinn með raðeinkunn 45,8 sem er slakasti undirþátturinn.

7. bekkur árgangur 2001:

Námsgrein	Lágafellsskóli	Normaldreif einkunn 0-60 þar sem landmeðaltalið er 30	Lágafellsskóli	Raðeinkunn á bilinu 0-100 þar sem landsmeðaltalið er 50.
Íslenska 7. b.	29,4	30	47,7	50
Stærðfræði 7. b.	28,3	30	45,1	50
Íslenska 4. b.	29,8	30	48,9	50
Stærðfræði 4. b.	29,1	30	48,9	50

Heildarárangur árgangsins dalar bæði í íslensku og stærðfræði á milli könnunarprófa. Í íslensku eru helstu breytingarnar þær ef undirþættir á kvarðanum 0-10 eru skoðaðir, að nemendur eru 0,5 undir landsmeðaltali í stafsetningu í 4.bekk en eru komnir 0,2 yfir landsmeðaltal í 7.bekk. Í ritun voru nemendur 1,0 yfir landsmeðaltal í 4.bekk en voru búin að tapa því forskoti niður í 0,1 í 7.bekk.

Í stærðfræði skýrist lakari árgangur helst að undirþættinum rúmfræði og mælingar þar sem nemendur í 4. bekk eru 0,4 yfir landsmeðaltalinu á kvarðanum 0-10, en eru komnir undir landsmeðaltal um 0,6.

4. bekkur árgangur 2004:

Námsgrein	Lágafellsskóli	Normaldreif einkunn 0-60 þar sem landsmeðaltalið er 30	Lágafellsskóli	Raðeinkunn á bilinu 0-100 þar sem landsmeðaltalið er 50.
Íslenska 4. b.	27,2	30	40,5	50
Stærðfræði 4. b.	28,5	30	45,4	50

Árgangurinn kemur út undir landsmeðaltali í báðum námsgreinum og er íslenskan sínu verri. Ef undirþættirnir fjórir, stafsetning, lestur/lesskilningur-hlustun, málfræði og ritun, eru skoðaðir, má sjá miðað við kvarðann 0-10 að þeir eru allir undir landsmeðaltali á bilinu 0,2 – 0,7 þar sem stafsetning er hæst en ritunin lökust. Í stærðfræði er það sama upp á teningnum varðandi undirþættina þrjá, reikningur/aðgerðir, rúmfræði/mælingar og tölur/talnaskilningur, þeir þættir eru allir undir landsmeðaltali á bilinu 0,1-0,4 þar sem þátturinn rúmfræði/mælingar er bestur hjá þeim en tölur/talnaskilningur lakastur. Frávikin í stærðfræði eru þó minni en í íslensku og nemendur því færari þar í heildina.

Ljóst er að skólinn þarf að bregðast við þessum niðurstöðum könnunarprófanna með afgerandi hætti.

Nemendalýðræði

Ný menntastefna, sem birtist í lögum um leikskóla nr. 90/2008, lögum um grunnskóla nr. 91/2008 og lögum um framhaldsskóla nr. 92/2008, er reist á sex grunnþáttum menntunar. Einn af þessum grunnþáttum sem ber að hafa að leiðarljósi í öllu skólastarfi er lýðræði og mannréttindi. Hlutverk grunnskóla er skilgreint í 2. gr. grunnskólalaga nr. 91/2008. Þar segir í 1. mgr. að hlutverk grunnskólans, í samvinnu við heimilin, sé m.a. að búa nemendur undir líf og starf í lýðræðisþjóðfélagi sem er í sífelldri þróun. Skólar þurfa að taka mið af því að börn og ungmenni eiga eftir að taka þátt í lýðræðissamfélagi og því er mikilvægt að börn læri um þess háttar samfélög og þjálfist í því að taka þátt í þeim. Í aðalnámskrá segir að gert sé ráð fyrir því að börn og ungmenni læri til lýðræðis með því að læra um lýðræði í lýðræði (<http://barn.is/um-embattid/verkefni/lydraedi-i-skolastarfi/lydraedi-i-grunnskola/>)

Virk samkennd

Skólaárið 2013-2014 stóð hópurinn „Virk samkennd“ fyrir lýðræðisfundi meðal nemenda á unglíngastigi í fyrsta skipti. Hver umsjónarbekkur valdi sér fulltrúa til að mæta á fund með erindi frá hverjum bekk. Á fundinn mættu auk fulltrúa nemenda, stjórnendur og fulltrúar úr hópi kennara. Fyrir fundinn hafði hver bekkur unnið með erindin með umsjónarkennara í umsjónartíma. Tekið var fyrir:

- HRÓS – hvað er vel gert í Lágafellsskóla ? Hvað erum við ánægð með og viljum því halda áfram að hafa eða gera.
- Hvað má bæta – hvað getum við bætt, lagað eða breytt svo það verði frábært og við ánægð með það – kostir og gallar
- Nýjar hugmyndir – hvaða nýjar hugmyndir eru nemendur með varðandi skólastarfið þar sem markmiðið er alltaf að gera góðan skóla enn betri

Fundurinn, sem haldinn var í apríl, fór vel fram og komu nemendur á framfæri til stjórnenda og kennara þeim atriðum sem unnið hafði verið með. Stjórnendur og kennarar voru aðeins áheyrnarfulltrúar á fundinum, sátu ekki fyrir svörum heldur hlustuðu á hvað nemendur höfðu fram að færa.

Eftirfarandi er samantekt þeirra atriða sem fram komu á fundinum.

Þegar spurt var hvað vel væri gert kom m.a. fram að:

- Samskipti milli nemenda eru góð
- Almenn samskipti nemenda og starfsmanna eru góð
- Gott félagslíf
- Fjölbreytt og góð forvarnarvinna
- Skemmtilegir uppbrotsdagar
- Fjölbreyttir kennsluhættir og námsefni

Þegar spurt var hvað mætti bæta kom m.a. fram að:

- Matur í mötuneyti mætti vera fjölbreyttari

- Bókasafnið mætti vera meira opið og bjóða upp á betra úrval bóka
- Kennsluhættir í ákveðnum námsgreinum mættu vera fjölbreyttari s.s. í trúarbragðafraeði, samfélagsfraeði, dönsku og íþróttum
- Gera mætti setustofu unglunga hlýlegri og bæta þar gæslu
- Efla mætti umhverfisstefnu skólans
- Einstaka kennarar mega vanda sig í samskiptum við nemendur
- Fjölbreyttari viðburði í félagslífi unglingadeildar

Þegar spurt var um nýjar hugmyndir kom m.a. fram að:

- Endurskoða mætti sundstig á þann hátt að hægt sé að ljúka 10. sundstigi í 9.bekk
- Koma upp matarmiðakerfi í mötuneyti
- Auka fjölbreytni í matarsölu t.d. með sölu á skyri og jógúrt
- Bæta aðstöðu nemenda í skólanum s.s. með fleiri snögum og plássi fyrir töskur
- Tölulása á nemendaskápa
- Leyfa nemendum að koma að vali á þemadögum

Niðurstöður Lýðræðisfundarins voru kynntar fyrir öllum bekkjum unglingadeildar og á kennarafundi. Umbótaáætlun er í vinnslu.

Mötuneytismál

Í október var haldinn fundur með fulltrúum nemenda á unglingastigi þar sem rætt var um hugmyndir nemenda að umbótum í matseðlagerð mötuneytis skólans. Fyrir hönd skólans sátu fundinn matreiðslumeistari skólans og tveir deildarstjórar. Fundurinn fór vel fram þar sem nemendum voru kynnt stefna Mosfellsbæjar í lýðheilsumálum auk þess sem rætt var um skyldur skólans til að framfylgja stefnu Lýðheilsustöðvar og stefnu Mosfellsbæjar.

Nemendur voru beðnir um að koma fram með hugmyndir að breytingum eða viðbótum á matseðli. Nemendur óskuðu m.a. eftir að:

- Ávextir væri bornir fram með skyri og jógúrt

- Réttir væru framreiddir á mismunandi hátt eftir aldri nemenda
- Ákveðnir réttir yrðu matreiddir á nýjan máta
- Aukinn yrði fjölbreytileiki meðlætis

Í framhaldi af fundinum var strax ráðist í þær úrbætur sem nemendur lögðu til.

Þarfagreining endurmenntunar meðal starfsfólks

Til að kanna hug starfsmanna gagnvart símenntunarþörf var send út viðhorfskönnun á vordögum 2014 og var öllum starfsmönnum gefinn möguleiki á að svara. Starfsmenn voru spurðir hverjar þeir töldu þarfir skólans vera varðandi símenntun á komandi skólaári, hverjar þeir teldu þarfir hópsins vera hvað varðar símenntun og hverjar þeir töldu sínar þarfir sem einstaklings vera varðandi símenntun á komandiskólaári. Einnig var kannað hvaða þætti starfsfólk teldi skólann eiga að leggja áherslu á næstu tvö skólaárin.

Niðurstöður sýndu að almennt mat starfsmanna á endurmenntunarþörfum liggur í eftirfarandi þáttum.

- Agastjórnun – Samhæfing og ferlar
- Tæknivæðing – Spjaldtölvur, kennslumyndbönd og spegluð kennsla
- Uppbyggingastefnan – Upprifjun og viðhald stefnunnar
- Nýjungar í kennsluháttum og námsmat – Almennar kynningar á fjölbreyttum kennsluháttum og námsmatsleiðum
- Þarfir sérþarfanemenda – Þroskafrávik, ADHD og einhverfa
- Læsi – Efling lestrarkennslu með bættan árangur í huga
- Aðalnámskrá – Áframhaldandi innleiðing

Fram komu hugmyndir um örnámskeið, skólaheimsóknir og sérhæfð námskeið fyrir faggreinakennara.

Viðauki 1 Umbótaáætlun eineltiskönnunar 2013-2014

<i>Hvað þarf að gera?</i>	<i>Hver á að gera það?</i>	<i>Hvenær á því að vera lokið?</i>	<i>Hvað þarf til?</i>	<i>Hvernig á að meta árangurinn?</i>
Nýta a.m.k. einn lífsleiknitíma í mánuði til að halda bekkjarfundi, ræða og fræða um einelti	Umsjónarkennarar/ lífsleiknikennari	Aldrei	Lífsleiknitíma/umsjónartíma /val	Með könnunum/líðan og einelti.
Semja verklagsreglur fyrir gæslu – hvað á starfsmaður að gera sem er í gæslu? Allir þurfa að fá leiðbeiningar.	Starfsfólk í sameiningu	Sem fyrst – ljúka í desember 2013	Einn starfsmannafund	Spurningalisti til nemenda – hvernig er gæslan?
Halda í lágmarki að kennari þurfi að fara úr stofunni, taka ákveðna nem. með ef þarf að fara.	Allir kennarar	Sem fyrst	Skipulag, undirbúning	Með könnunum
Veita líkamstjáningu nemenda eftirtekt.	Allir starfsmenn	Byrja strax	Vera athugul. Meiri hreyfing á fólki (hugmyndin hans Jóns)	Með könnunum.
Nota uppeldi til ábyrgðar markvisst – hver ber ábyrgð á sinni hegðun (tímar- gangar- frímínútur-frítímar)	Allir starfsmenn	Byrja strax	Vinna eftir stefnunni	Með færri agabrotum og minna einelti (skráning/könnun)
Vinna með upplýsingarnar úr eineltiskönnun á markvissan hátt	Allir starfsmenn/ (Umsjónakennari/Deildarstjóri)	Desember 2013	Nemendasamtöl/fundi með starfsfólki/umbótaáætlun	Nemendasamtölum í mars/apríl

Sjálfsmatsskýrsla Lágafellsskóla 2013-2014

Koma upplýsingum til annarra kennara og starfsmanna skólans til að geta haft aukið eftirlit með ákv. einstaklingum	Umsjónakennari.	Janúar 2014	Upplýsingafundur	Næstu eineltiskönnun.
Bæta gæslu á göngugötu. Fylgja gæsluplani.	Allir starfsmenn.	Mars 2014	Vilja og skipulag	Í bættum skólabrag á næsta skólaári.
Nemendur fari alltaf fyrst í mataríma og síðan í útiveru.	Stjórnendur.	Ágúst 2014	Kynna sér tímatöflur annarra skóla; nýtt skipulag í matsal	Fyrir skólabyrjun, haust 2014.
Hlusta betur á börnin; hlusta betur á þann sem leitar til okkar og gefa okkur að þeim sem ekki leita til okkar.	Allir starfsmenn skólans.	Aldrei	Vilji og hugarfarsbreyting	Næsta eineltiskönnun.
Agaátak, hafa verkefnastjóra í uppbyggingarstefnunni (agastjóra).	Allir starfsmenn skólans og nemendur, deildarfundir.	Mars 2014	Stjórnendur ræða við nemendur á sal skólans. Stjórnendur sýnilegir í átaki í 1 – 3 vikur, ásamt öðru starfsfólki. Stjórnendur ræða við nemendur í hverri stofu	Umsjónarkennari leggur spurningar fyrir nemendur í lok átaks.
Fá nemendur með í skipulag og kynningu á (aga) áttakinu Virka nemendafélagið. Nemendur ganga í stofur.	Nemendafélagið/unglingadeild/ deildarstjóri unglingastigs.	Febrúar/mars 2014	Ræða skólabrag, hvernig fáum við betri skóla Nemendafélag/deildarstjóri haldi utan um nemendaverkefnið	Næstu eineltiskönnun, bættum skólabrag.

Sjálfsmatsskýrsla Lágafellsskóla 2013-2014

			Virkja nemendafélagið. Nemendur ganga í stofur.	
Foreldrar þurfa að fá betri kynningu á Uppbyggingarstefnunni sem og kynningu á viðbragðsáætlun skólans og úrræðum ef upp kemur einelti.	Teymi.	Febrúar 2014	Fundur- upplýsingabæklingar	Foreldrakönnun.
Umsjónarkennarar þurfa meiri tíma til að sinna eineltismálum.	Stjórnendur.	Janúar 2014	Nota tölvusamskipti meira	Með könnun.
Koma í veg fyrir að frímínútur yngsta stigs, miðstigs og unglinga sé á sama tíma.	Stjórnendur.	Ágúst 2014	Breytt tímaskipulag	Bættur skólabragur.
Skipuleggja námsefni fyrir hvert stig eða árgang til að leggja fyrir nemendur sem tekið er saman af kennurum.	Kennarar / Eineltisteymi.	Haust 2014	Teymi/lífsleiknikennara	Með könnun.
Hafa virkt og sýnilegt eineltisteymi sem stofnað er að vori þannig að það taki til starfa á fyrstu dögum nýs skólaárs. Kynna hlutverk eineltisteymis fyrir öllum að hausti.	Stjórnendur / Fráfarandi teymi.	Vor 2014	Skipulag	Sýnilegri og virkari vinna.
Auka lýsingu á skólalóðinni.	Sveitarfélagið	Haust 2014	Fjármagn	Bætt lýsing.
Nýta umbótaáætlun og vinna markvisst eftir henni.	Stjórnendur og allir aðrir starfsmenn.	Janúar 2014	Nýta fundi til yfirferðar	Allir þættir í áætlun eru virkir.

Sjálfsmatskýrsla Lágafellsskóla 2013-2014

Endurskoða aðgengi nemenda að sínum og netaðgangi.	Tölvuumsjónarmaður í samstarfi við stjórnendur og kennara.	Ágúst 2014	Þverfaglegt teymi ásamt aðila úr stjórnendateymi	Bættur skólabragur.
Leysa veikindaforföll í gæslu líkt og í kennslu.	Stjórnendur og allri starfsmenn.	Janúar 2014	Fjármagn	Með könnunum.
Færa söngstund sérstaklega 3. og 4. árgang.	Deildarstjóri.	Janúar 2014	Setja á pallinn eða í ýmsar stofur á fyrsta gangi	Ró á göngum.

Viðauki 2 – Umbótaáætlun foreldrakönnun

Markmið	Hvað þarf að gera?	Hver á að gera það?	Hvenær á því að vera lokið?	Hvað þarf til?	Hvernig á að meta árangurinn?
Að bæta vinnufrið	Kennarar þurfa að leggja skýrar línur að haust með nemendum varðandi vinnufrið. Fylgja eftir með nokkrum fundum yfir veturinn. Kennarar komi sér saman um leiðir og útfærslur til að stuðla að betri vinnufriði. Öflugri Mentorskráningar.	Kennarar	Haust 2014	Deildarfundir þar sem kennarar leggja línurnar og samræma sig. Bekkjafundi, Mitt og þitt hlutverk, kynning fyrir foreldra	Nemenda - og foreldrakönnun
Önnur úrræði fyrir þá nemendur sem eiga erfitt með að halda vinnufrið	Vinnustöðvar á göngum eða í litlum rýmum. Skýra rými fallegum nöfnum s.s. Laut, lundur, rjóður.	Kennarateymi í samvinnu við húsvörð og stjórnendur	Haust 2014	Borð og skilrúm á ganga, aðlaðandi vinnuaðstöðu með merkingum.	Nemenda - og foreldrakönnun
Setja stefnu í heimanámi	Stefnumótun í heimanámi sem kennarar skulu fara eftir þar sem foreldrum er gerð grein fyrir ábyrgð. Tveir kennarar af hverju stigi móti drög að stefnu sem lögð er fyrir á kennarafundi. Einstaklingsmiðað heimanám út frá getu hvers og eins, samfella milli árganga og samræming milli stiga. Heimanám skal vera upprifjun eða þjálfun.	Kennarar, stjórnendur, foreldrar	Skólaárið 2014-2015	Deildarfundir, kennarafundi. Samvinnu stjórnenda, kennara og foreldra	Meiri sátt um heimanám og betri líðan nemenda. Kemur fram í nemenda - og foreldrakönnun og í nemendaviðtölum
Setja stefnu í lestrarnámi	Stefnumótun í lestrarnámi nemenda þar sem foreldrar eru virkjaðir varðandi þjálfunarþáttinn. Allir nemendur	Kennarar, stjórnendur, foreldrar	Skólaárið 2014-2015	Vinnufundi, skipulagningu og samvinnu.	Bættur árangur í lestri.

Sjálfsmatsskýrsla Lágafellsskóla 2013-2014

	lesi bæði í skólanum og heima 1.-10. bekkur.				
Að efla Uppbyggingastefnuna	Kynna stefnuna fyrir foreldrum, setja skýr mörk sem kynnt eru foreldrum og nemendum. Átak með nemendum, kynning á sal með stjórnendum. Nemendur kynni Uppbyggingastefnuna fyrir foreldrum sínum.	Uppbyggingateymi, kennarar, stjórnendur.	Skólaárið 2014-2015	Starfsmannafundir, kennarafundir, deildarfundir. Samvinna og samstaða hlutaðeigandi aðila.	Nemenda - og foreldrakönnun, bættur skólabragur
Bæta aga með bættum skólabrag	Uppbyggingaver - nemendur sem eiga í vanda með hegðun sína fá uppbyggilega aðstoð. Foreldrar séu kallaðir til í meira mæli til að fylgja börnum sínum eftir í skólanum og fá ráðgjöf fagaðila.	Uppbyggingateymi, kennarar, stjórnendur.	Skólaárið 2014-2015	Skipulag, vilja og samvinnu starfsmanna. Fagaðilar.	Nemenda - og foreldrakönnun, færri agavandamál, betri umgengni
Bæta skólabrag	Starfsmenn setji niður framtíðarsýn skólans varðandi skólabrag. Starfsfólk árganga kynnt á skólasetningu. Stjórnendur séu sýnilegir og tilbúnir til að fylgja eftir.	Starfsmenn	Skólaárið 2014-2015	Vinnufundi, skipulagningu og samvinnu.	Bættur skólabragur, ánægja sem fram kemur í nemenda- og foreldrakönnun.

Viðauki 3 – Umbótaáætlun nemendakönnunar 2013-2014

Markmið	Hvað þarf að gera?	Hver á að gera það?	Hvenær á því að vera lokið?	Hvað þarf til?	Hvernig á að meta árangurinn?
Að auka þekkingu nemenda á Uppbyggingastefnunni	Uppbyggingateymi útbúi fræðslupakka sem kennarar geta nýtt sér í kennslu. Gera stefnuna sýnilegri á göngum, matsal og í öllu daglegu starfi.	Uppbyggingateymi stýri vinnu með öllu starfsfólki	September 2014	Kynning Uppbyggingateymis á fundi. Átak á haustdögum.	Nemendur þekkja stefnuna, kemur fram í nemendakönnun. Bættur skólabragur.
Setja stefnu í heimanámi	Stefnumótun í heimanámi sem kennarar skulu fara eftir þar sem foreldrum er gerð grein fyrir ábyrgð. Tveir kennarar af hverju stigi móti drög að stefnu sem lögð er fyrir á kennarafundi. Einstaklingsmiðað heimanám út frá getu hvers og eins, samfella milli árganga og samræming milli stiga. Heimanám skal vera upprifjun eða þjálfun. Þjóða	Kennarar, stjórnendur, foreldrar	Skólaárið 2014-2015	Deildarfundi, kennarafundi. Samvinnu stjórnenda, kennara og foreldra	Meiri sátt um heimanám og betri líðan nemenda. Kemur fram í nemenda- og foreldrakönnun og í nemendaviðtölum

Sjálfsmatsskýrsla Lágafellsskóla 2013-2014

	upp á opna heimavinnutíma fyrir nemendur.				
Bæta aga með bættum skólabrag	Uppbyggingaver - nemendur sem eiga í vanda með hegðun sína fá uppbyggilega aðstoð. Foreldrar séu kallaðir til í meira mæli til að fylgja börnum sínum eftir í skólanum og fá ráðgjöf fagaðila. Námskeið fyrir starfsfólk.	Uppbyggingateymi, kennarar, stjórnendur.	Skólaárið 2014-2015	Skipulag, vilja og samvinnu starfsmanna. Fagaðilar. Námskeið fyrir starfsfólk.	Nemenda - og foreldrakönnun, færri agavandamál, betri umgengni

Sjálfsmatsskýrsla Lágafellsskóla 2013-2014

Að bæta vinnufrið	Kennarar þurfa að leggja skýrar línur að haust með nemendum varðandi vinnufrið. Fylgja eftir með nokkrum fundum yfir veturinn. Kennarar komi sér saman um leiðir og útfærslur til að stuðla að betri vinnufriði. Gera nemendur grein fyrir ábyrgð á eigin námi og hegðun sbr. 14.gr. grunnskólalaga. Öflugri Mentorskráningar.	Kennarar/stjórnendur.	Áhersla að hausti, tekið upp reglulega.	Deildarfundi þar sem kennarar leggja línurnar og samræma sig. Bekkjarfundi, Mitt og þitt hlutverk, kynning fyrir foreldra	Nemenda - og foreldrakönnun
--------------------------	--	-----------------------	---	---	-----------------------------

